

Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 20. janúar 2022
UST202112-121/A.Þ.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028 og deiliskipulag fyrir Túnahverfi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 9. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 og nýju deiliskipulagi fyrir Túnahverfi í Vík í Mýrdal. Deiliskipulag fyrir Suðurvíkurveg og Mylluland og fyrir hluta Túnahverfis verður á sama tíma felld úr gildi.

Í greinargerð kemur fram að í breytingunni felst að „opið svæði til sérstakra nota“ verður skilgreint sem íbúðabyggð, ÍS1. Heildarsvæðið sem skipulagsbreytingin nær til er um 1,3 ha og liggur milli Myllulands og Króktúns ásamt svæði sunnan megin við Króktún.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við þær.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur